

4. BEKKUR 2014

ÍSLENSKA

Settu límmiðann
innan rammans

SAMRÆMT KÖNNUNARPRÓF

HEFTI I

Nafn: _____

Bekkur: _____

Skóli: _____

- Merktu prófheftið með nafni þínu, bekk og skóla.
- Athugaðu hvort upplýsingar í reitnum efst til hægri eigi við þig.
- Notaðu svartan eða bláan penna. Notaðu ekki tússpenna.
- Settu kross í reitinn ☐, ekki fylla alveg í reitinn ☐.
- Athugaðu að svör á aukablöðum eða rissblöðum verða ekki metin.
- Vandaðu frágang. Gangi þér vel.

Úti í garði stóð náungi aleinn og yfirgefinn og horfði í kringum sig. Þetta var hann Snoddi snjókarl.

Siggi og Stína bjuggu hann til í gær og þau vönduðu sig mikið við það verk. Enda var Snoddi ljómandi fallegur snjókarl. Augun voru kolamolar, svartir og gljáandi. Nefið var gulrót, sem mamma hafði gefið þeim, og munnurinn var gerður úr dumbrauðu eplahýði. Hann hafði svarta pípuhattinn hans pabba á höfðinu og var allur hinn virðulegasti.

Snoddi snjókarl var glaður af því að það var svo mikið frost og þess vegna var engin hætta á því að hann gæti bráðnað. En þrátt fyrir það leiddist honum dálítið. Hann var svo dæmalaust einmana. Hann vildi líf og fjör í kringum sig.

Í húsunum í nágrenninu voru áreiðanlega allir steinsofandi. Það var dregið fyrir alla glugga og hvergi sást neinn á ferli. Allt var kyrrt og hljótt.

Það voru heldur ekki neinir snjókarlar eða snjókerlingar í nærliggjandi görðum. Æ, hvað ég vildi að eitthvað skemmtilegt gerðist, hugsaði Snoddi snjókarl og andvarpaði. Þetta var ósköp og skelfing dauft líf.

En skyndilega heyrðist bjölluhljómur og glaðvær hlátrasköll rufu næturkyrrðina. Hvað var nú þetta? Snoddi snjókarl hlustaði af athygli og skimaði í allar áttir.

Kom þá ekki skritinn og skemmtilegur sleði brunandi eftir snjóbreiðunni. Hann var næstum troðfullur af snjókörnum, snjókerlingum og snjókrökkum.

1. Hvað gerði Snodda fallegan?

- ☐₁ Gulrótarnefið var glæsilegt.
- ☐₂ Hann var vel klæddur.
- ☐₃ Krakkarnir höfðu lagt sig fram.

2. Hvað gladdi Snodda?

- ☐₁ börnin
- ☐₂ frostið
- ☐₃ vinirnir

3. „Hvergi sást neinn á ferli“ þýðir að

- ☐₁ enginn var á ferðinni.
- ☐₂ fáir voru utandyra.
- ☐₃ varla var nokkur vaknaður.

4. „Skimaði í allar áttir“ þýðir að hann

- ☐₁ lagði við hlustir.
- ☐₂ leit í kringum sig.
- ☐₃ lét lítið fyrir sér fara.

„Viltu vera með?“ hrópuðu þau til Snodda. „Það er laust sæti handa þér.“

„Hvert eru þið að fara?“ spurði Snoddi snjókarl.

„Við erum á leiðinni til snjólandsins þar sem snjórinn bráðnar aldrei og við getum verið óhult í þúsund ár. Ef þú verður kyrr bráðnarðu og verður að vatni í næstu hláku,“ svöruðu þau einum rómi og veifuðu strákústunum sínum.

Snoddi snjókarl mátti ekki til þess hugsa að verða að vatni. Hann var því ekki lengi að hugsa sig um.

Hann hoppaði upp í sleðann sem samstundis þaut af stað og hvarf von bráðar eitthvað út í buskann.

En morguninn eftir, þegar þau Siggi og Stína komu út, var snjókarlinn þeirra fallegi horfinn. Þau leituðu og leituðu en án árangurs. Það sást hvorki tangur né tetur af honum.

Þau skildu ekkert í þessu, en létu sér þó hvergi bregða og bjuggu bara til annan snjókarl. En í snjólandinu, þar sem ísinn bráðnar aldrei, stendur hann Snoddi snjókarl hjá vinum sínum og þarf ekki minnstu vitund að vera hræddur um að bráðna.

(Heiðdís Norðfjörð, Vetrarævintýri, úr Ævintýrin okkar, 1983)

5. Hvert var sleðinn að fara?

- ☐₁ eftir snjóbreiðunni
- ☐₂ niður brekkuna
- ☐₃ til snjólandsins

6. Hver er verstí óvinur snjókarlsins?

- ☐₁ hlákan
- ☐₂ hriðin
- ☐₃ myrkrið

7. Í snjólandinu er

- ☐₁ aldrei sólskin.
- ☐₂ alltaf frost.
- ☐₃ alltaf gaman.

8. Hvenær sólarhringsins gerist sagan aðallega?

- ☐₁ að morgni
- ☐₂ að næturlagi
- ☐₃ um miðjan dag

9. Hvernig er rétt atburðarás?

- A) Allt var kyrrt og hljótt.
- B) Úti í garði stóð náungi aleinn.
- C) Ef þú verður kyrr bráðnarðu.
- D) Það sást hvorki tangur né tetur af honum.

- ☐₁ BACD
- ☐₂ BADC
- ☐₃ BCAD

10. Um hvað er sagan?

- ☐₁ einmana snjókarl
- ☐₂ skemmtilega sleðaferð
- ☐₃ systkinin Sigga og Stínu

Samheiti

Finndu **samheiti** undirstrikuðu orðanna. Samheiti eru orð sem hafa sömu merkingu (dæmi: faðir - pabbi).

11. önugur

- ☐₁ skapvondur
- ☐₂ svangur
- ☐₃ svifaseinn
- ☐₄ syfjaður

13. ólmur

- ☐₁ frægur
- ☐₂ rólegur
- ☐₃ snúinn
- ☐₄ æstur

12. meinlaus

- ☐₁ aumingjalegur
- ☐₂ heilsulaus
- ☐₃ hraustur
- ☐₄ hrekklaus

14. hugfangin

- ☐₁ döpur
- ☐₂ glöð
- ☐₃ heilluð
- ☐₄ hrædd

Málnotkun

15. Hvert þessara orða er fremst í stafrófsröðinni?

- ☐₁ strákur
- ☐₂ steinn
- ☐₃ stór
- ☐₄ stelpa

17. Merktu við orðið sem passar í setninguna.

Ég fór til ____? í gær.

- ☐₁ Dagný Mjöll
- ☐₂ Dagnýjar Mjallar
- ☐₃ Dagnýjar Mjöllar
- ☐₄ Dagnýju Mjöll

16. Merktu við línuna sem hefur sérnafn.

- ☐₁ Drengurinn fer heim.
- ☐₂ Enska er algengt mál.
- ☐₃ Helga kemur í dag.
- ☐₄ Húsið mitt er þarna.

18. Hvert þessara orða er í hvorugkyni (það)?

- ☐₁ myrkur
- ☐₂ rigning
- ☐₃ vetur
- ☐₄ þoka

Samsett orð

Lestu spurningarnar vel og krossaðu við rétt svar.

19. Hvaða orð færðu ef þú setur saman orðin dropar og teljari?

- ☐₁ dropateljari
- ☐₂ dropiteljari
- ☐₃ dropnateljari
- ☐₄ dropteljari

21. Hvaða orð færðu ef þú setur saman orðin veggur og teppi?

- ☐₁ veggjarteppi
- ☐₂ veggjateppi
- ☐₃ veggsteppi
- ☐₄ veggteppi

20. Hvaða orð færðu ef þú setur saman orðin gröf og þögn?

- ☐₁ grafarþögn
- ☐₂ grafnaþögn
- ☐₃ grafspögn
- ☐₄ grafþögn

22. Hvaða orð færðu ef þú setur saman orðin læknar og nemi?

- ☐₁ læknanemi
- ☐₂ læknarnemi
- ☐₃ læknirnemi
- ☐₄ læknisnemi

Ritun

Skrifaðu sögu um myndina.

Mundu að notfæra þér allt sem þú hefur lært um ritun, til dæmis frágang, stafsetningu og atburðarás (upphaf, meginmál og endi).



└

└

└

Hér má
hvorki skrifa
né stimpla

autt
☐

S/F
0 1 2
☐ ☐ ☐

B/E
0 1 2
☐ ☐ ☐

F/M
0 1 2
☐ ☐ ☐
3 4
☐ ☐

Má
0 1 2
☐ ☐ ☐

☐ ☐ ☐
☐ ☐ ☐
☐ ☐ ☐

└

└

Stafsetning

autt
☐

Nú verður lesin æfing í stafsetningu. Skrifaðu orðin sem vantar í eyðurnar eftir upplestrinum. Hver málsgrein er auðkennd með bókstaf sem lesinn er upp á undan málsgreininni. Fyrst verður gert hlé eftir hverja eyðu þannig að þú hafir tíma til að skrifa orðin. Síðan verður málsgreinin lesin í heild. Loks verða allar málsgreinarnar lesnar aftur.

- A. _____ hreyfing er góð fyrir _____.
- B. Margir _____ þó til að vera _____ í tölvum.
- C. Að stunda _____ hentar _____ misjafnlega.
- D. Flestir geta þó hreyft sig _____ á
_____ .
- E. Margar _____ hafa verið _____
á Íslandi.
- F. Ekki er _____ að taka _____ í þeim.
- G. Skólar sjá um _____ í sundi
og _____ í leikfimi.
- H. Ekki sakar að hafa _____
við leik og starf.

⁰ ¹ / ⁰ ¹
☐ ☐ / ☐ ☐

⁰ ¹ / ⁰ ¹
☐ ☐ / ☐ ☐

⁰ ¹ / ⁰ ¹
☐ ☐ / ☐ ☐

⁰ ¹
☐ ☐

⁰ ¹
☐ ☐

⁰ ¹ / ⁰ ¹
☐ ☐ / ☐ ☐

⁰ ¹ / ⁰ ¹
☐ ☐ / ☐ ☐

⁰ ¹
☐ ☐

⁰ ¹
☐ ☐

⁰ ¹ / ⁰ ¹
☐ ☐ / ☐ ☐